

Mál nr. 558/2012

M
og
váttryggingafélagið X v/ slysatryggingar ökumanns.

Ágreiningur um bótaskyldu (orsakatengsl) vegna líkamstjóns af völdum
umferðarslyss.

Gögn.

40. Málskot, móttækið 28.12.2012, ásamt fylgigögnum.

41. Bréf X, dags 14.1.2013.

Málsatvik.

Hinn 16.12.2006 ók M bifreiðinni A vestur Tryggvabraut á Akureyri og beygði til vinstri áleiðis suður Glerárgötu. Bar þá að aðra bifreið úr gagnstæðri átt og árekstur varð með bifreiðunum. Í lögregluskýrslu segir að áreksturinn hafi ekki verið mjög harður, en báðar bifreiðir verið óökufærar eftir óhappið. Í febrúar 2007 kvaðst M hafa verið farið að finna fyrir óeðlilegri þreytu og verkjum í baki og hálsi sem hafi endað með því að hún hafi leitað til heimilislæknis og hann hafi sent hana í sjúkrahjálfun. Í fyrirliggjandi læknabréfi kemur fram að M hafi leitað til heimilislæknis 27.2.2007. Þar segir að M hafi fengið hnykk fram á við í þúðann og síðan verið með áreynslubundna verki í hálsþrygg og brjóstþrygg. Við skoðun hafi hún verið með vöðvaeymsli í hálsi og herðum og „paravertebralt thorakalt“. Mun M hafa verið í sjúkrahjálfun í 15 skipti frá mars til ágúst 2007. Einnig mun hún hafa leitað til kiropraktors í 26 skipti frá mars 2011 til ágúst 2012.

M hefur krafist bóta úr slysatryggingu ökumanns A hjá X. X hefur hafnað bótaskyldu.

Álit.

Ekki virðist um það deilt að M eigi rétt á bótum úr slysatryggingu A að öllum bótaskilyrðum fullnægðum, þ. á m. að hún hafi orðið fyrir líkamstjóni við áreksturinn. Ekkert liggur fyrir í gögnum málsins um þá áverka sem M varð fyrir í slysinu að frátöldu því sem fram kemur í fyrrgreindu læknabréfi vegna komu til heimilislæknis 27.2.2007. Þótt M hafi í framhaldi verið í sjúkrahjálfun og leitað til kiropraktors fjórum árum síðar verður ekkert ráðið hvort M hafi hlotið líkamstjón við áreksturinn sem veitir henni rétt til bóta úr slysatryggingunni. Engin matsgerð liggur fyrir um líkamstjón hennar. Er því ósannað að M hafi hlotið líkamstjón í umræddu umferðaróhappi sem er bótaskyld úr slysatryggingu ökumanns A hjá X.

Niðurstaða.

M á ekki rétt á bótum úr slysatryggingu ökumanns A hjá X.

Reykjavík, 29. janúar 2013.

Rúnar Guðmundsson hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.